

REGLUGERÐ

um meðferð, frágang, geymslu og flutning á ferskum fiski.

1. gr.

Óheimilt er að hausa, fletja eða flaka fisk nema hann fari tafarlaust til frekari verkunar. Þannig unninn fisk er þó heimilt að selja ferskan á markað innanlands og flytja með flugvél til sölu á erlendan markað.

2. gr.

Ferskur fiskur, er samkvæmt reglugerð þessari fiskur sem enga aðra meðhöndlun hefur hlotið sem lengir geymsluþol hans en kælingu.

Fiskur telst vera frystur ef hitastig hans er -20°C eða lægra.

Með verkun er átt við aðgerð sem veldur efna- eða eðlisfræðilegri breytingu á fiskholdinu svo sem hitameðferð, frystingu, söltun eða þurrkun.

3. gr.

Óheimilt er að flytja fisk eða geyma við þannig aðstæður að hitastig hans í geymslu sé á bilinu -1°C til -20°C .

4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar ef ágreiningur rís um skilning á reglugerð þessari.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 53, 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53, 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða og öðlast gildi 8. mars 1990.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.